

**Sp.**

**117. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarstöðum fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu frá Berufirði til Skinneyjarhöfða og víðar.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar, í framhaldi af þingsályktun 1915 um rannsókn hafnarstaða og lendinga, að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem unt er, hafnarverkfræðing rannsaka skilyrði fyrir byggingu öruggrar hafnar fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu milli Berufjarðar og Skinneyjarhöfða, að báðum þeim stöðum meðtöldum, svo og í Vik í Mýrdal eða við Dyrhólaey og í Garði í Gullbringusýslu, og enn fremur að rannsaka innsigling og hafnarstað í Paralátursfirði og í Kollafirði í Strandasýslu og útvega kostnaðaráætlun um hafnarbyggingu eða hafnarbætur, ef tiltækilegt virtist að koma þeim á.